

## Ferilskrá

Nafn mitt er Tryggvi Gunnarsson, en ég er 58 ára gamall og starfa sem löggiltur fasteignasali á Akureyri. Ég var bæjarfulltrúi á Akureyri árin 2010 – 2014, en auk þess hef ég starfað í hinum ýmsu nefndum á vegum Akureyrarbæjar, s.s skólanefnd, jafnréttisnefnd, samfélags og mannréttindaráði og var um tíma formaður í íþróttaráði. Jafnframt var ég varaformaður aðalstjórnar KA á árunum 2007 -2010.

Fótbolti hefur verið mitt helsta áhugamál frá blautu barnsbeini. Ég er uppalinn ÍR – ingur og spilaði upp alla yngri flokka þar ásamt því að spila með meistaraflokk félagsins. Ég hef líka spilað fórbolta með KA og Val. Eftir að ferli mínum lauk hóf ég að þjálfra og hef þjálfað yngri flokka hjá KA og meistaraflokk Magna á Grenivík. Auk þessa hef ég verið starfandi eftirlitsmaður KSÍ frá árinu 2015.

Ég hef brennandi áhuga á öllu sem viðkemur fótbolta og þá sérstaklega með Norðurland að leiðarljósi. Því sækist ég eftir kjöri sem landhlutatengiliður á Norðurlandi.

Með bestu kveðjum

Tryggvi Gunnarsson